


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	<b>Sjúkdómafræði 1 SJÚK2MS05</b> <b>Námsáætlun vorönn 2018 Fjarnám</b>	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Inga Björg Ólafsdóttir	<b>Sk.st.</b>	IBÓ
----------------	------------------------	---------------	-----

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjakerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

### Markmið:

**Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:**


- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistruflunum
- algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

**Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjakerfi, stoðkerfi og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- gera grein fyrir samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Sjúkdómafræði 1 SJÚK2MS05</b>	<b>Námsáætlun vorönn 2018 Fjarnám</b>

### Námsgögn:

Tegund	Námsgögn
Kennslubók	Bogi B. Ingimarsson. 1995. Sjúkdómar í mönnum, Reykjavík, Iðnú. Fyrstu sjö kaflar bókarinnar verða teknir.  Stuðningsefni : Glætur frá kennara og ýmsar greinar.
Ljósrit	Heimaverkefni og tímaverkefni.

### Áætlun um yfirferð:

#### Námsáætlun:

1. og 2. vika. Námssefni : 1. kafli í kennslubók
3. og 4. vika. Námssefni : 2. kafli í kennslubók.
5. og 6. vika. Námssefni : 3. kafli í kennslubók.
7. og 8. vika. Námssefni : 4. kafli í kennslubók en sleppa bls. 84 og 88
9. og 10. vika. Námssefni : 5. og 6. kafli í kennslubók.
11. og 12. vika. Námssefni : 7. kafli í kennslubók en lesa töflu bls. 125 lauslega.

<b>Matsform:</b>	<input type="checkbox"/> Símat	<input checked="" type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi	
Lokapróf	Lokapróf í maí.	80%	
Verkefni	Vikuleg verkefni á moodle. Ef verkefni berst innan hálf mánaðar frá því að það er sent þá er einkunnin reiknuð að fullu. Ef verkefni berast seinna en það fer kennari yfir þau og gefur einkunn fyrir en hún reiknast sem núll í lokaeinkunn nema að nemendur hafi samið um annað t.d. vegna veikinda. Nemendur eru samt hvattir til að skila öllum verkefnum þótt það sé alltof seint því að alltaf er hugsanlegt að læra á því að gera þau og fá athugasemdir við þau.	20%	
<b>Samtals:</b>		<b>100%</b>	
<b>Annað:</b> Ná þarf 40% árangri í lokaprófi til að vetrareinkunn reiknist með til hækkunar. Ath. nemendum ber að ljúka öllum námsmatsþáttum.			

Dagsetning: 19jan

Inga B. Ólafsd  
Undirritun kennara

Jóhanna Árn  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils